

Ég heiti Þórdís Anna og býð fram krafta mína til stjórnar ÍSí.

Ég brenn fyrir málefnum barna, unglunga og ungmenna og er svo lánsöm að fá að starfa í þeirra þágu alla daga. Að hluta til starfa ég sem yfirþjálfari yngri flokka hjá hestamannafélaginu Spretti, og að hluta til sem verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, hagsmunasamtaka allra framhaldsskólanema landsins.

Daglega er ég í miklum samskiptum við unga fólkið og tengingin við þau er það sem mér finnst allra skemmtilegast. Það einkennir starfsreynslu mína að hafa að mestum hluta starfað með unga fólkinu okkar, metnaður minn og ástríða liggur í að sinna þeim og þjónusta, efla þau og hvetja og sjá veg þeirra vaxa og dafna. Það er ótrúlegur auður í unga fólkinu okkar, þau eru framtíðin.

Ég er með meistaraþráðu í verkefnastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík og reynsla mín er fjölbreytt. Ég hef starfað sem kennari við Háskólann á Hólum, verið bæði markaðsstjóri og mótsstjóri Landsmóts hestamanna sem er einn stærsti íþróttaviðburðurinn sem haldinn er hérlandis utandyra. Ég hef setið í barna- og æskulýðsráði mennta- og barnamálaráðuneytisins, æskulýðssjóði, menntasjóði námsmanna og vinnustaðanámssjóði. Stýrt alþjóðlegu markaðsverkefni hjá Íslandsstofu, unnið sem viðburðastjórnandi og sem verkefnastjóri í ýmsum verkefnum, ásamt því að sinna reiðkennslu og eiga og reka reiðskóla fyrir börn og unglunga.

Í störfum mínum hef ég endurtekið séð hvað félagsleg tenging er gríðarlega mikilvæg. Að tilheyra er öllum nausynlegt og að vera hluti af liði eða teymi getur skipt sköpum fyrir unga einstaklinga á uppvaxtarárum.

Bakgrunnur minn í íþróttum er fjölbreyttur. Ég spilaði boltaíþróttir með Stjörnunni í Garðabæ og ólst nánast upp í íþróttahúsinu í Ásgarði, hef leikið mér í þríþraut, maraþonhlaupi og fjallgöngum. Sú íþrótt sem hefur átt hug minn alla tíð og ég stunda enn þann dag í dag er hestaíþróttin.

Ég trúí því að íþróttir séu fyrir alla, geri öllum gott og að það sé mikilvægt að allir eigi þess kost að stunda íþróttir óháð félagslegum eða fjárhagslegum bakgrunni.

Ef ég hlýt kjör í stjórn ÍSí verða mín áhersluatriði að efla unga fólkið og auka tengingu ÍSí við þau þar sem þau eru framtíðin.